

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um leyfilegan meðafla botnfisks.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve mikið af leyfilegum meðafla botnfisks, sem ekki reiknast til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu, hefur borist á land frá því að núgildandi reglur tóku gildi 1. febrúar 2002?
2. Hvernig skiptist þessi afli á milli fisktegunda?
3. Hvernig hefur aflinn flokkast eftir fiskstærðum hvernar tegundar?
4. Úr hvaða veiðarfærum hefur aflinn komið og hvernig skiptist hann á milli veiðarfæra?
5. Hve mikil söluverðmæti hafa borist á land af hverri fisktegund frá 1. febrúar 2002?
6. Hve mikil heildarverðmæti hafa borist á land og hverjar eru tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar frá sama tíma?

Skriflegt svar óskast.